

Dallas í Víkinni

Ættarveldi Einars Guðfinnssonar og niðja hans í Bolungarvík á enn undir högg að sækja. Stærsti verktaki landsbyggðarinnar, Jón Friðgeir Einarsson, hótar úrsögn úr flokknum, segir skilið við Sparisjóð Bolungarvíkur og auglýsir eignir sínar til sölu

Í fréttablaðinu Bæjarins besta sem gefið er út á Ísafirði birtist í fyrradag auglýsing þar sem Jón Friðgeir Einarsson byggingaverktaki auglýsir allar eignir sínar til sölu. Þar er ekki um neinar smá- eignir að ræða því hið auglýsta góss er metið á 2-300 miljónir króna. Þetta er partur af einu rótgrónasta ættarveldi á Íslandi sem á undanförunum árum hefur sýnt æ greinilegri hnignunarkerki.

Þegar breska heimsveldið var upp á sitt besta varð til sú kenning að það tæki þrjár kynslóðir að búa til hefðarmenn. Hins vegar vildi oft í leiðinni glatast sá kraftur og eldmóður sem í upphafi þurfti til að skapa auðinn sem hefðarmennskan grundvallaðist á. Þannig er sagt að fyrsta kynslóðin leggi grunninn að ættarveldinu, önnur haldi uppbyggingunni áfram en fyrir þeirri þriðju liggur að sólunda auðnum.

Í fljótu bragði virðist þessi kenning vera að sannast í Bolungarvík. Einar heitinn Guðfinnsson hóf uppbygginguna á millistríðsárunum. Þegar synir hans komust á legg skiptu þeir með sér verkum og byggðu upp margþætt veldi, allt undir stjórn gamla mannsins. Í nafni hans var rekið frystihús, togaraútgerð, saltfiskverkun, loðnubræðsla og verslanir. Jón Friðgeir sonur Einars fór út í byggingabransann og kom sér upp eigin fyrirtæki sem nú telst vera eitt elsta verktaka- fyrirtæki landsins og það stærsta utan höfuðborgarsvæðisins. Síðasta stórvirki Jóns Friðgeirs var bygging ratsjárstöðvarinnar á Bolafjalli sem hann hefur væntanlega ekki tapað á. Auk þess hefur hann rekið talsverða verslun með byggingarvörur, húsgögn og fleira, trésmíðaverkstæði, plastverksmiðju og haft umboð fyrir Flugleiðir. Annar af bræðrunum, Pétur, setti á fót flutning- afyrirtæki og bílaleigu og fékk ekki alls fyrir löngu rekstur Shell- stöðvarinnar og tilheyrandi sölu- skála í sínar hendur.

Auk þessa tryggði Einarsveldið stöðu sína með ýmsum öðrum hætti. Ættin átti helminginn í Vélsmiðju Bolungarvíkur sem er eina fyrirtækið sem nær máli í bænnum og ekki er algerlega í eigu ættarinnar. Síðast en ekki síst ber að geta þess að Guðfinnur Einarsson situr í stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur og myndar þar meirihluta ásamt mági sínum, Benedikt Bjarnasyni, en þriðji fulltrúinn er skipaður af bæjar- stjórn og það sæti fyllir Valdimar L. Gíslason, bæjarfulltrúi Alþýðuflokksins en hann myndar meirihluta í bæjarstjórn ásamt fulltrúum Sjálfstæðisflokks. Þeir Guðfinnur og Benedikt, ásamt enn einum Einarssyninum, Guðmundi Páli, eru svo fulltrúar atvinnurekenda í stjórn Lífeyris- sjóðs Bolungarvíkur.

Ættin í kröggum

Fyrir svona þremur árum komst það í hámaeli að fyrirtæki Einars Guðfinnssonar hf. í Bolungarvík ætту í rekstrarvand- ræðum. Þótti það með ólíkindum því aðeins óráfúrum árum áður stöðu fá fyrirtæki á landsbyggð- inni betur hvað snerti eiginjár- stöðu og rekstraröryggi. Á þessum tíma virtist stór hluti af eigin fé fyrirtækjanna gufaður upp. Útbreiddasta skýringin á þessari stöðu var sú að yfirbyggingin væri orðin of þung, ættin teldi of marga einstaklinga sem öllum þyrfti að halda uppi.

Hvað sem því líður þá neyddist ættarveldið til að selja hlut sinn í Vélsmiðju Bolungarvíkur. Kaup- endur voru bræðurnir Guðmund- ur B. Jónsson, framkvæmdastjóri Vélsmiðjunnar, og Sólberg Jóns- son sem er sparisjóðsstjóri og framkvæmdastjóri Lífeyrisjóðs Bolungarvíkur.

Ættin kemst í minnihluta

Þá vikur sögunni að bæjar- stjórn. Í síðustu kosningum fékk Sjálfstæðisflokkurinn þrjá menn

kjörna, þá Einar Jónatansson, sonarson Einars Guðfinnssonar, Ólaf Kristjánsson og Björgvin Bjarnason en hann er tengda- sonur Guðmundar B. Jónssonar í Vélsmiðjunni. Í fyrri féll bæjar- stjórnin frá og bitust þeir Björg- vin og Ólafur um stöðuna. Ólafur naut fulltings Einarssonar og Valdim- ars krata og hlaut hnóssið. Lét hann þá laust bæjarfulltrúastarfið og kom Örn Jóhannsson, verk- stjóri í Vélsmiðju Bolungarvíkur, í hans stað. Ættarveldið var þá komið í minnihluta meðal bæjar- fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og nú virðist Valdimar einnig hafa snúist á sveif með Vélsmiðju- mönnum og gegn ættinni. Það gæti því orðið valtur stóllinn undir Ólafi ef harka hleypur í málin í Víkinni.

Sviðsett útböð?

Í vor og sumar hafa svo orðið þau tíðindi sem eru forleikurinn að harkalegum viðbrögðum Jóns Friðgeirs. Þar leikur áður nefndur Björgvin Bjarnason bæjarfulltrúi og formaður byggingarnefndar nýs grunnskóla aðalhlutverkið. Nefndin bauð út innanhússfrá- gang skólans og bárust tvö tilboð frá fyrirtækjum á staðnum. Það lægra var frá Jóni Friðgeir en það hærra frá trésmiðjunni Prótti. Bæði tilboðin voru töluvert hærri en kostnaðaráætlun og var þeim hafnað.

Þegar tilboðin liggja fyrir hefst undarlegur kaffi þar sem mönnum ber ekki saman um at- burði. Byggingarnefndin endur- skoðaði kostnaðaráætlunina og

Verslunarhús Einars Guðfinn- sonar hf. til hægri en til vinstri sér í gaflinn á verslunarhúsi Jóns Friðgeirs Einarssonar. Það er nú til sölu.

ákvað að skipta verkinu í tvennt. Síðan segir Björgvin að reynt hafi verið að ná samningum við Jón Friðgeir en það hafi strandað á því að hann vildi verkið allt. Jón Friðgeir segir hins vegar að engar formlegar samningaumleitani- hafi átt sér stað heldur hafi við- ræðum og bréfaskriftum verið hætt í miðju kafi af hálfu nefndar- innar sem síðan hafi gengið til samninga við Prótt.

Út af þessu hefur orðið heil- mikill hvellur fyrir vestan og endurómur af honum borist suður til Reykjavíkur. Hafa ýms- ir aðilar, líka hér fyrir sunnan, átalíð vinnubrögð byggingar- nefndarinnar. Meðal þeirra er Verktakasamband Íslands sem átelur ma. það að einingaverð sem um er samið við Prótt séu greinilega tekin úr tilboði Jóns Friðgeirs.

Jón Friðgeir brást mjög harka- lega við þessari niðurstöðu. Hann hefur lýst því yfir að hann hugleiði í alvöru að segja sig úr Sjálfstæðisflokknum, hann er hættur öllum viðskiptum við Sparisjóð Bolungarvíkur og nú hefur hann auglýst eignir sínar til sölu, jafnt fyrirtækið með öllum gögnum og gæðum sem einbýlis- hús sitt.

Heimildarmenn Nýs helgar- blaðs segja að í raun hafi allt þetta útböðsmál verið sviðsett í því skyni að ögra Jóni Friðgeir og koma höggi á ættarveldið. Bræð- urnir Guðmundur B. og Sólberg ásamt Björgvin standi á bakvið þessa aðför og sé þarna á ferð hörd valdabaráttu. Þeir þrír séu búnir að skera upp herör gegn ættarveldinu.

Viðbrögð Jóns Friðgeirs renna stöðum undir þessa kenningu.

Verkið sem um er bitist er að vísu upp á 10-20 miljónir króna og það er prinsípál að samið sé við lægstbjóðanda. En það réttlætir samt ekki þá hörku sem einkenn- ir viðbrögð Jóns Friðgeirs. Af hverju blandar hann Sjálfstæðis- flokknum í málið? Og hvað veldur því að hann ætlar að yfirgefa fæðingarbae sinn, ætt og ódal?

Við því fást engin svör í bili því Jón Friðgeir er í útlöndum. En það má velta ýmsum skýringum fyrir sér.

Hvað verður um erfðaprinsinn?

Það má til dæmis alveg hugsa sér að viðbrögðum Jóns Friðgeirs sé fremur beint að skyldmönnum hans í Bolungarvík, að með þessu sé hann að brýna þau til átaka. Hvers vegna segir hann sig úr við- skiptum við sparisjóðinn þar sem ættin er í meirihluta? Er hann kannski að etja þeim Guðfinni og Benedikt út í slag við sparisjóðs- stjórnann?

Og með því að hótta að segja sig úr Sjálfstæðisflokknum gæti hann verið að vara menn við, benda á að ef flokkurinn bakkar ættina ekki upp í slagnum við nýju mennina gæti svo farið að ættin beindi atkvæðum sínum og áfari- um í aðrar áttir.

Raunar er það fulltrúi ættar- innar, Einar K. Guðfinnsson, sem stendur næst því að fara inn á þing fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Vestfjörðum þegar sæti losnar. Hann var í 3. sæti framboðslist- ans í síðustu kosningum og kemur því næstur á eftir Matthíasi Bjarnasyni og Þorvaldi Garðari Kristjánssyni sem báðir eru tekn- ir að reskjast. Hins vegar er með öllu óvíst að Ísfríðingar horfi upp á það aðgerðarlausir að Bolvík- ingur taki sæti Matthíasar. Og hætt er við því að sjálfstæðis- mönnum annars staðar í kjör- dæminu finnst völdin vera farin að þjappast æði mikið saman við Ísafjardardjúp ef Einar á að leysa Þorvald Garðar af hólmi. Ef ætt- arveldið í Bolungarvík er komið upp á kant við flokkinn gæti svo farið að pólitískur frami Einars K. yrði eitthvað snubbóttari en til stóð.

Vitaskuld eru þetta getgátur og bollaleggingar einar. Enda erfitt um vik að afla upplýsinga, að ekki sé talað um óyggjandi stað- reynda í málum af þessu tagi. Hitt er þó víst að auglýsing Jóns Frið- geirs á eignum sínum í Bæjarins besta verður að teljast stórtíð- indi, hvort sem er á vestfirskan mælikvarða eða einhvern stærri.

-PH

Laust starf – mötuneyti

Þjóðviljann vantar starfsmann/ konu í mötuneyti blaðsins. Um er að ræða 1/2 starf í næstu 5 mánuði. Vinnutími frá kl. 10-14 daglega. Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri.

ÞJÓÐVILJINN



Norska / sænska á grunnskólastigi

Innritun fer fram í Miðbæjarskólanum, Fríkirkju- vegi 1, mánudaginn 11. sept. n.k. sem hér segir:

- 5. bekkur kl. 17
- 6. bekkur kl. 17.30
- 7. bekkur kl. 18
- 8. bekkur kl. 17
- 9. bekkur kl. 18

Nemendur eru beðnir að mæta með stundaskrá úr sínum skóla.

Umsjónarkennarar



Haustönn 1989

Innritun í prófadeildir

Aðfaranám: Jafngilt námi í 7. og 8. bekk grunnskóla (1. og 2. bekk gagnfræðaskóla). Ætlað þeim sem ekki hafa lokið ofangreindu eða vilja rifja upp og hafa fengið E (1-3) á grunnskóla- prófi.

Fornám: Jafngildir grunnskólaprófi og for- áfanga á framhaldsskólastigi. Ætlað fullorðnum sem ekki hafa lokið gagnfræðaprófi og ungling- um sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi. (Fengið D eða 4 í einkunn)

Sjúkráliðabraut – Heilsugæslubraut: Forskóli sjúkráliða, 2 vetur.

Uppeldisbraut: 2 vetra nám með hagnýtum valgreinum.

Viðskiptabraut: 2 vetra nám. Brautinni lýkur með verslunarprófi.

Menntakjarni: Þrjú áfangar kjarnagreina, ís- lenska, danska, enska og stærðfræði, auk þess þýska, hollenska, félagsfræði, efnafræði og eðlisfræði. Framhaldsskólastig. Ætlað þeim sem eingöngu óska eftir þessum greinum.

Nám í prófadeildum er allt frá 1 önn í 4 annir, hver önn er 13 vikur og er kennt 4 kvöld í viku. Kennsla fer fram í Miðbæjarskóla og Lauga- lækjarskóla.

Skólagjald fer eftir kennslustundafjölda og greiðist fyrirfram mánaðarlega.

Kennsla hefst 18. september.

Innritun fer fram í Miðbæjarskólanum, Frí- kirkjuvegi 1, 4. og 5. sept. n.k. kl. 16-19. Nánari fyrirspurnum svarað í símunum 12992 og 14106.

Skrifstofa Námsflokka er opin virka daga kl. 13-19.

Innritun í almenna flokka (tungumál og verk- legar greinar) fer fram 20. og 21. sept. n.k. Nánar auglýst síðar.

Forstöðumaður